

Minnisblað starfshóps um byggðarþróun

Fulltrúar í starfshópi

- Listi yfir fulltrúa og netföng:
 - Bjarnheiður Jóhannsdóttir
 - Bogi Magnusen Kristinsson
 - Einar Jón Geirsson
 - Garðar Freyr Vilhjálmsson
 - Grettir Ásmundsson
 - Gunnar Þórarinsson stjórnarformaður KVH
 - Hallfríður Sigurbjörg Óladóttir
 - Ingimar Sigurðsson
 - Jóhanna María Sigmundsdóttir
 - Kristján Ingi Arnarsson
 - Sigríður Ólafsdóttir
 - Sigrún Birna Halldórsdóttir
 - Skjöldur Orri Skjaldarson
 - Stella Dröfn Bjarnadóttir (Vara: Ármann Pétursson)
 - Valdís Einarsdóttir (víkur af fundi)
 - Viðar Þór Ólafsson
 - Þorgrímur Guðbjartsson (fjarverandi)

Lýsing á verklagi starfshópa

Hlutverk starfshópa er að kortleggja stöðu mála á þeim málavæðum sem þeir hafa til umfjöllunar og gera tillögur að framtíðarsýn og markmiðum:

- Starfshóparnir kortleggja styrkleika, veikleika, ógnanir og tækifæri og gera grein fyrir kostum og ókostum sameiningar fyrir íbúa sveitarfélaganna.
- Starfshóparnir draga upp framtíðarsýn fyrir þau málefnasvið sem þeir hafa til umfjöllunar.
- Starfshóparnir gera lista yfir helstu markmið sem þarf að ná til að raungera framtíðarsýnina.

Afurð starfshópavinnu er minnisblað til samstarfsnefndar þar sem gerð er grein fyrir niðurstöðum.

Viðfangsefni

Hlutverk starfshópsins er að fjalla um skipulagsmál, umhverfismál, innviði, byggðarþróun og atvinnumál. Meðal þess sem vert er að hafa í huga er:

- Hvert er hlutverk sveitarfélaganna á þeim málavæðum sem hópurinn hefur til umfjöllunar?
- Er svæðisbundinn munur á þjónustu og þjónustupörf innan þjónustusvæðisins?

- Hvaða áhrif myndi sameining hafa á þjónustuna?
- Eru tilefni eða tækifæri til breytinga á skipulagi starfseminnar til að hagræða eða veita betri þjónustu?

Stöðugreining

Í stöðugreiningunni eru kostir og ókostir núverandi stöðu tilgreindir og bornir saman við kosti og ókosti í sameinuðu sveitarfélagi á þeim málsviðum sem hópurinn hefur til umfjöllunar.

Þeir eru:

- **Skipulagsmál**
Hún að hefja vinnu við Aðalskipulag (núv. gildir út 2026). Dalabyggð með nýtt Aðalskipulag og svæðisskipulag í gildi með Reykhólum og vestur (er verið að fara gera skipulag f. Vestfirði, þá gæti það fallið úr gildi).
- **Umhverfismál**
Dalir að hefja útboð varðandi úrgangspjónustu (ÍGF), samningur rennur út í mars, 4 tonnur við heimili, sorp fer á Esjumela/í Fíflholt. Húnaþ. ekki komið með 3. tunnuna (Terra), sorp fer á Blönduós/Sölvabakka. Dýrahæjum safnað í Dölum en ekki Húnaþ.V. Dalir eru hluti að friðlandi Breiðafjarðar. Fjöldi laxveiðiáa.
- **Innviðir**
Dalir að klára innviðaskýrslu (vegamál, rafmagn, húshitun, fjarskipti). Verið að byggja íþróttamannvirki í Dölum. Rafmagn, OV og Rarik í Húnaþ. Rarik í Dölum. Tækifæri í ljósleiðaravæðingu.
- **Lýðfræði**
- **Atvinnumál**
Stærsti atvinnufl. ? Opinber störf (sveitarfélag, skólar, heilbrigðisstarfss.). Bæði landbúnaðarhéruð. Mikilvæg fyrir matvælaframleiðslu. Þó að hefðbundin landbúnaður sé í meirihluta, þá má ekki útiloka annan landbúnað, aðra starfsemi og búsetu.
- **Menningarmál**

Núverandi staða

Styrkleikar	Veikleikar
- Nýtt Aðalskipulag í Dölum og Húnaþ. að hefja vinnu. - Góð staða lóða f. íbúðarhúsnæði (Hvammst. og Búðard.) - Ekki mikil gróðureyðing eða uppblástur. - Sorpmál í nokkuð föstum farvegi. - Engin mengandi starfsemi/stóriðja. - Hitaveita, þó víðfeðmara dreifikerfi í Húnaþ. en Dölum. - Búið að ljósleiðaravæða dreifbýlið, verið að klára þéttbýlið. Míla á kerfið í báðum sveitarfélögum. - Þriggja fasa langt komið í Húnaþ. og verið að taka kafla í Dölum. - Svipað aldursdreifingartré. Nýliðun í landbúnaði góð í Húnaþ. og nokkur í Dölum. - Tækifæri til matvælaframleiðslu, hentug til ræktunar (mikilvæg fyrir fæðuöryggi)	- Dalir deila skipulags- og byggingarmálum með fleiri sveitarfélögum. Skipulagsfulltrúi ekki með fasta viðveru. - Dýrahæ hirt í Dölum, ekki Húnaþ. - Mikil innviðaskuld í báðum sveitarfélögum – Vegir. - Tvö löggæsluumdæmi. 1 starf í Húnaþ. og ½ í Dölum (löggæsla). - Stórir aldursflokkar í eldri. - Dreifbýl sveitarfélög (50/50 í Húnaþ, meiri hluti í Dölum). - Skortur á fjölbreytni, einhæft atvinnulíf. - Bæði sveitarf. eru láglaunasvæði. - Almenn staða í landbúnaði, afurðaverð, afkoma. - Bæði sveitarfélög horfa til þess að ferðamenn eiga meira „leið í gegn“, vöntun á afþreyingu í báðum sveitarf.

- Ekki mikið atvinnuleysi, í hvorugu sveitarf. - Klúbba- og félagsstarf gott. - Húnaþ.; Söfnin í húsnæði og opin. - Hátíðir; Eldur í Húnaþingi/Jörvagleði og Heim í Búðardal í Dölum. - Menningarhúsnæði á Hvammstanga.	- Dalir; söfnin án húsnæðis, en góð söfn (f. utan Eiríksst. og Vínlandss.) - Oft sömu aðilar í forsvari, þunginn oft á fáum herðum. Þarf að virkja fleiri/fá fleira fólk. - Sitt hvor landshlutasamtökin (SSV og SSNV) – á við um fleira, þ.e. aðilar að mismunandi hagsmunasamtökum og landshlutafélögum.
---	--

Sameinað sveitarfélag

Áskoranir	Tækifæri
- Landmikið sveitarfélag, getur orðið erfitt að halda í staðþekkingu? - Stundum er „fjarlægð“ í skipulagsmálum góð, verður hægt að viðhalda því? - Öndverðir hagsmunir. Ekki sami landshluti. Kallar á aðlögun. - Sorphirða (dreift, allir útúrdúrar sem eru t.d. inn dali/ekki hringtenging) - Eignarhald á jörðum vs. eignarréttur, staðið sé við nýtingu í samræmi við flokkun lands. - Staðið sé við loforð (Ríkið); úrbætur í vegamálum, rafmagni o.s.frv. sem lofað er við sameiningu – og almennt því sem þarf að gera. - Samræming í áætlunum og þjónustu t.d. vetrarþjónusta. - Þjónustustig verði ekki minna. Samþjöppun verði ekki í eitt/annað þéttbýlið. - Vargeyðing. - Aldurstréð, að breyta því svo yngri fólk komi til baka eftir nám (framhalds/háskóla). - Óvissa í landbúnaði. - Hvert starf skiptir máli, ógnanir/áföll koma fyrir fram t.d. ef fyrirtæki lokar eða starfsstöð lögð niður. - Á að sameina söfnin eða ekki? - Félagasamtök hafi aðgengi að sambærilegri aðstöðu (sé búið jafnt úr garði).	- Samnýting á vinnu við skipulagsmál, „hægt að taka það besta úr báðum“. - Mikið landbúnaðarland í nýju sveitarfélagi þar sem er hægt að framleiða meira. - Tækifæri til fjölbreytni – ekki bara hefðbundin landbúnaður. - Meiri starfskraftar í skipulagsmálum, öflug starfsstöð. Meiri þekking í héraði. - Nægt lóðaframboð - Tækifæri felast í flokkun lands og að staðið sé vörð um landbúnaðarland. - Öruggt svæði (jarðhræringar, snjóflóð...) - Nýframkvæmdir sem væri hægt að fara fram á í nýju sveitarfélagi. Nýtt sveitarfélag betur í stakk búið að takast á við meiri uppbyggingu/innviðaf framkvæmdir. - Uppbygging innviða fyrir fólksfjölgun. - Sameining og samstarf viðbragðsaðila, ekki fáir hausar í öllu. Möguleikar á fullu stöðugildi. - Atvinnulíf svipað, auðveldar skipulagsmál. - Meiri slagkraftur í sameinuðu sveitarfélagi til að berjast fyrir hagsmunum t.d. í landbúnaði. - Svipuð sveitarfélög en kannski einhver mismunandi störf, getur orðið kveikja að öðrum störfum. - Stuðningur, ráðgjöf og annað sem getur átt tækifæri í atvinnulífi (t.d. SSV/SSNV) - Sameining/samvinna í menningarmálum. - Meiri samgangur á milli í samfélaginu, samskipti við fleiri, öflugra menningarlíf (m.a. þar sem horft er til aldursþópa sem við viljum halda í/fá aftur) og hættum að vera heimaskrítin.

Framtíðarsýn og markmið

Á grundvelli stöðugreiningar dregur starfshópurinn upp mynd af æskilegri stöðu í starfsemi sveitarfélagsins og þjónustu eftir 5 ár í sameinuðu sveitarfélagi, þ.e. þeirri stöðu sem vinna ætti að. Einnig skilgreinir hópurinn markmið sem vinna þarf að til að raungera framtíðarsýnina.

Skilgreina skal a.m.k. eitt markmið fyrir hvern málaflokk sem hópurinn fjallar um.

Framtíðarsýn starfshópsins:

Markmið:

Skipulagsmál

- Eitt Aðalskipulag fyrir nýtt sveitarfélag, landbúnaður fái pláss (flokkun lands, ræktunarland til matvælaframleiðslu – 2030 höfum við varið hagsmuni landbúnaðarins í skipulagsmálum).
- Ein deild sem sér um skipulags- og byggingarmál á svæðinu (meiri þekking).

Umhverfismál

- Reglugerðir um fráveitumál sveitarfélaga séu uppfylltar.
- Söfnun dýrahæja sé komin í ákveðið ferli.
- Staðið sé vörð um dýralíf og gróður. Náttúrutengd ferðaþjónusta snúi að því að „njóta náttúrunnar“ ekki ganga á þá auðlind.
- Laxveiðiár hafi verið varðar.
- Ákveðin samræming í sorphirðu (erfitt að finna hagræðingarmöguleika). Eigið sorpsamlag?

Innviðir

- Við sameiningu sé samið um áfanga í vegamálum – fækka km í nýju sveitarfélagi, stytta vegalengdir; Brú yfir Hrútafjörð, Laxárdalsheiði,
- Betri vegir, meiri þjónusta við þá. Svo fólk geti búið við þessa vegi.
- Fækkun einbreiðra brúa
- Tryggja almennilega löggæslu, sjúkraflutningar.
- Öflugt sameiginlegt slökkvilið.
- Þrífðun verði langt komin og ljósleiðaravæðingu lokið. Afhendingaröryggi raforku verði tryggt.
- Rafmagnsframleiðsla á svæðinu, tækifæri í smávirkjunum. Vindur, vatn og birta með tækifæri til orkuöflunar – stuðningur sé við þá öflun. Væri hægt að halda X „uppitíma“ þó að bilun sé annars staðar, getur lækkað rekstrarkostnað heimila og fyrirtækja.

Byggðarþróun/Lýðfræði

- Aldurstréð breytist – fjölga/halda í ungt fólk. „Það er líf úti á landi“. Störf og íbúðarhúsnæði séu til staðar fyrir tilvonandi íbúa.
- Íbúafjöldi sé yfir 2000 manns árið 2030. Verði ekki samþjöppun í þéttbýli, áfram fjölbreytt búseta (líka búið í dreifbýli).

Atvinnumál

- Störfín séu einnig dreifð (þéttbýli vs. dreifbýli).
- Afþreying fyrir ferðamenn sé orðin meiri, fá gesti til að stoppa lengur við.
- Uppbygging á ferðamannastöðum.

- Störf án staðsetningar séu raunverulegur kostur úti á landi – aðstaða fyrir þessi störf sé betur nýtt.
- Landbúnaður, meiri úrvinnsla og fjölbreytni meiri. Stærri sveitarfélag, fleiri framleiðendur = forsendur fyrir betri markað, meiri þjónustu við framleiðendur.
- Nýskapandi hugsun fái pláss; FabLab og fleira sem styður við nýskapandi atvinnulíf sé rekið í sveitarfélaginu. Fagþekking fyrir þá sem vilja fara af stað sé í boði.

Menningarmál

- Blómlegt menningarlíf fái að lifa áfram.
- Geymslur fyrir menningararf.
- Samvinna/samstarf/samgangur í klúbba- og félagsstarfi. Getur stutt við hvert annað án þess að það þurfi að sameina.

Samantekt

Árið 2030 verði nýtt sveitarfélag með a.m.k. 2000 íbúa og búseta sé áfram fjölbreytt (bæði búið í þéttbýli og dreifbýli). Búið að vinna að bættum samgöngum innan sameinaðs sveitarfélags, reynt að stytta vegalengdir, bæta vegi sem eru og fækka einbreiðum brúm. Í sveitarfélaginu stöndum við vörð um landbúnað, í skipulagsmálum og atvinnulega séð. Þannig stöndum við vörð um dýralíf (þ.m.t. laxveiðiár) og gróður, fyrir fjölbreytnina, landbúnaðinn og eins náttúrutengda ferðaþjónustu. Meindýrum er haldið í skefjum með aðkomu ríkisins, það er gert með áherslu á verndun fugla. Úrgangsmál eru komin í betri farveg, jafnvel rekið eigið sorpsamlag. Eitt slökkvilið starfar í sveitarfélaginu og löggæsla hefur verið eflað. Varðandi atvinnulíf eru margvísleg tækifæri bæði í dreifbýli og þéttbýli. Afþreying í ferðaþjónustu er orðin meiri og störf án staðsetningar raunverulegur kostur. Fjölbreytni og úrvinnsla í landbúnaði er meiri því með sameinuðu sveitarfélagi urðu til forsendur fyrir stærri markað og meiri þjónustu við framleiðendur. Nýsköpun og menning blómstra, enda er gætt að því að tækifærin og aðstaðan séu til staðar. Gott geymsluhúsnæði fyrir safnkost og faglegt safnastarf er í sveitarfélaginu ásamt því að söfn/sýningar séu starfandi til að lyfta menningararfi sveitarfélagsins bæði fyrir heimamenn og gesti. Öflugri starfsstöðvar eru í tengslum við málefni sveitarfélagsins m.a. á sviði skipulags- og umhverfismála, atvinnu- og innviðamála o.s.frv.

Í hópnum fengu jákvæð og neikvæð atriði jafna athygli. Styrkleikar eru okkur í hag og tækifærin eru til staðar. Samfélögin eru lík að mörgu leyti, bæði hvað varðar lýðfræði og atvinnumál.